

Mál nr 23/2017

Ár 2018, fimmtudaginn 15. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Síðumúla15, Reykjavík

Fyrir var tekið mál nr. 23/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 13. september 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem í ljós kom að tíkin var þöruð eftir 7 ára aldur og heilsufarsvottorð lá ekki fyrir við þörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 17. janúar 2018 og henni gefinn frestur til 14. febrúar að skila inn andmælum. Kærða nýtti sér ekki andmælarétt sinn. Var það mat siðanefndar að öll gögn er máli skiptu varðandi málið væru fram komin og var ákveðið að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu þörunarvottorði dagsettu 2. ágúst 2017 var tíkin A þöruð við rakkann B hinn 4.-6. mars 2017. Við þörun var tíkin orðin 7 ára og ekki lá fyrir heilsufarsvottorð um tíkina. Hundarnir eru af hundakyninu Íslenskur fjárhundur og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða nýtti sér ekki andmælafrest sinn, en með innsendu þörunarvottorði fylgdi læknisvottorð dagsett 19. apríl 2017 þar sem fram kom að tíkin var heilsufarsskoðuð þann dag og var það mat dýralæknis að hún væri við góða heilsu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og í grein 3.5. segir:

„Ef tík er þöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja þörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir þörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við þörun. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má para tík sem náð hefur 10 ára aldri.“

Á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin orðin liðlega 8 ára gömul og ekki lá fyrir tilskilið heilsufarsvottorð. Tíkin var heilsufarsskoðuð er hún var orðin hvolpafull og komin á sjöundu viku. og fékk það mat að hún væri við góða heilsu þá. Það gat kærða ekki séð fyrir. Þessi regla er sett með dýravelferð að leiðarljósi og því mikilvægt að allir ræktendur hafi hana í heiðri. Til allra heilla reyndist tíkin vera hraust og vel hæf til undaneldis að mati dýralæknis. Þá liggur það fyrir að kærða hefur áður verið áminnt fyrir brot á sömu reglu. Kærða er því áminnt öðru sinni.

IV. Niðurstaða.

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni.

f.h. siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Fjóra Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir